

Námsgrein: Íslenska

Kjarni: 12 ára

Kennarar: Björg og Pétur

Námsgögn: Sögugerðabók, margs konar textar s.s. sögur, lagatextar, ljóð og fræðitextar, hljóðfælar, raðbækur o.fl. Lestrarbækur við hæfi hvers og eins, ævintýri, fræðibækur, ljóðabækur - íslenskar og þýddar, margvísleg uppflettirit, gagnvirkt efni, orðabækur, skrifarbækur til að æfa skrift, námsbækur með auðum blaðsíðum til að skrifa og myndskreyta sögur og endursagnir, drauma og endurminningar, tölvur til að æfa ritvinnslu, skriffæri og litir, námsbækur til að skrifa verkefni í, ýmis hjálpargögn til að vinna hlutbundið, tölvur og spil.

Námsmat: Bein endurgjöf frá kennara, endurtekin stöðupróf, markmiðabundið námsmat í námsframvindu í Mentor, Lesfimi í september, janúar og maí, raddlestrarpróf á 4-6 vikna fresti. Mögulega samræmd próf í vor.

Hæfniviðmið:

Við lok 12 ára kjarna.

Talað mál, hlustun og áhorf

- getur tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar,
- getur tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar,
- getur tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum,
- getur hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum,
- getur nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt.

Leiðir

Barnið:

- þjálfast í að flytja mál sitt skýrt, skipulega, áheyrilega og með góðum raddstyrk,
- þjálfast í að svara spurningum er varða efni sem það hefur lesið eða hlustað á,
- þjálfast í að hlusta á umræður og taka þátt í þeim,
- fær tækifæri til að tala í litlum hópi, þar sem barnið greinir og tengir saman hugmyndir á ýmsum sviðum, barnið æfist í að halda sig við efnið, hlusta á það sem önnur börn segja og bregðast við því, finna hliðstæður og andstæður o.s.frv.,
- fær tækifæri til að njóta bókmennta, upplestrar, leiksýninga og söngs,

- þjálfast í leikrænni tjáningu og hlustun,
- syngur í hópi og lærir texta.

Lestur og bókmenntir

Barnið:

- getur lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað
- getur greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta,
- getur lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þ.á.m. þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum og unglíngum,
- getur greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap,
- getur beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap,
- getur aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga,
- getur valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.

Leiðir

Barnið:

- les bækur er hæfa og styrkja lestrargetu, efla hugmyndaflug, auka orðaforða og víkka reynsluheim þess,
- þjálfist í að tileinka sér hugtökin tími, umhverfi, aðal- og aukapersónur og boðskap í umfjöllun um bókmenntir,
- eykur leshraða sinn og les skýrt og áheyrilega, æfist í að skynja boðskap texta og myndar sér skoðun á því sem það hefur lesið,
- þjálfast í að gera útdrætti, munnlega og skriflega, úr því sem barnið hefur lesið,
- les ævintýri, ljóð og leikrit frá ýmsum löndum til að víkka menningarlegan sjóndeildarhring þess,
- fær tækifæri til að lesa gamlar og nýjar bókmenntir til að það kynnist mismunandi efnistöfum og stílbrigðum,
- les ýmis fræðirit/-greinar til að öðlast efnislegan orðaforða og grunnþekkingu á viðkomandi sviði, sem gerir barnið einnig að betri lesanda á öllum sviðum.

Skrift og ritun

Barnið:

- getur skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur,
- getur valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni,

- getur samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa,
- þjálfar lestur á texta og skoðar hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtir það við eigin ritun,
- getur skrifað texta á tölvu og æfist í einföldum aðgerðum í ritvinnslu,
- getur skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu

Leiðir

Barnið:

- æfir sig í að draga rétt til stafs í skriftarbók eftir forskrift,
- semur sögur frá eigin brjósti án aðstoðar með grunnþáttum í uppbyggingu texta,
- yrkir ljóð og tileinkar sér hugtökin rím, ljóðstafi, persónugervingu og líkingu, sem það notar einnig í umfjöllun um ljóð,
- fær tækifæri til að kynnst frásagnarlist og orðfæri skálda og fræðimanna/-kvenna og rýnir í þankagang og innviði sem þau byggja verk sín á,
- hugar að stafsetningu í ritun,
- þjálfar leikni í tölvuvinnslu,
- fær þjálfun í að semja texta eða handrit fyrir ólíka miðla, s.s. hlaðvarp, útvarpsspátt, stuttmynd, efni á vef, myndband o.fl.,
- æfist í að skrifa sendibréf, tölvupóst eða smásögu með ákveðinn aldurshóp/persónu í huga.

Málfræði

Barnið:

- getur gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það,
- getur notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti og gert sér grein fyrir margræðni orða,
- getur nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun,
- getur nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál,
- getur áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra,
- getur beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins,
- getur beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað,
- getur notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta,
- getur gert sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði.

Leiðir

Barnið:

- æfir réttritun eftir upplestri,
- æfir málfræðiverkefni í stöðvum, þ.m.t. verkefni með forskeyti og viðskeyti, þjálfist í fallbeygingu nafnorða með föstum greini, fallbeygingu lausa greinisins og fallbeygingu lýsingarorða og nafnorða saman,
- fær tækifæri til að vinna með málfræðiforrit,
- æfir sig í að raða orðum í stafrófsröð,
- æfir sig í að þekkja nafnorð eftir kyni, tölu og falli og getur bætt við greini,
- eflir orðaforða sinn, m.a. í gegnum orðatiltæki og málshætti.
- fær ríkuleg tækifæri til að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt, t.d. með myndagátum, krossgátum, spuna, orðaleikjum og nýyrðasmíði.

Haustönn 2021

Lota	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat	Annað
Agalota 23.8 - 17.9	Bókmenntir: Ljónið Málfræði: Halda við fallorðavinnu. Lesskilningur: Bókmennta- hugtök, stílbrigði	Málrækt 3 Grænkápa Ljónið (Hildur Knútsdóttir) Ítarefni kennara	Stöðumat í lok lotunnar Lesfimi	20.08 Skólasetning
Opin vika 20.9 - 24.9	Kjarnasmiðjur og listasmiðjur			
Sjálfstæðislota 20.09 - 22.10	Bókmenntir: Ljónið, Lagatextar - ljóðahugtök	Málrækt 3 Grænkápa Ljónið Ítarefni kennara	Stöðumat í lok lotunnar	15.10 Hjallastefnan 21.10 Foreldraviðtöl 22.10-26.10 Vetrarleyfi
Opin vika 27.10 - 29.10	Kjarnasmiðjur og listasmiðjur			
Opin vika 1.11 - 5.11				
Samskiptalota 08.11 - 03.12	Sendibréf - æfist í að skrifa bréf Upplestrar- keppnin - Ljóðalestur og túlkun	Ítarefni kennara Ljóðabækur	Stöðumat í lok lotunnar Orðarún	26.11 skipulagsdagur
Opin vika 6.12 - 10.12	Kjarnasmiðjur og listasmiðjur			
Opin vika 13.12 - 17.12				

Grunnbættir menntunnar

Barnið:

- getur tjáð sig um viðfangsefni sitt með efnislegum orðaforða,
- æfir sig í að nota hugtök sem tengjast viðfangsefninu hverju sinni,
- kynnist stafrænum leiðum til fjölþættrar merkingarsköpunar, t.d. með notkun myndmáls,
- getur lesið sér til gagns og gleði,
- getur lesið fjölbreyttan texta,
- vinnur á fjölbreyttan hátt með læsi, s.s. menningarläsi, umhverfislæsi og upplýsingalæsi,
- skapar eigin merkingu og bregst á persónulegan og skapandi hátt við því sem það les,
- þjálfar lesskilning, eykur orðaforða og eflir myndlæsi og hlustun.
- þjálfast í raddbeitingu við tal, lestur og söng,
- getur tjáð hugsanir, skoðanir og tilfinningar sínar,
- þjálfast í góðri líkamsbeitingu við lestur og vinnu,
- tileinkar sér rétt grip í skrift.
- fær tækifæri til að rækta hæfileika sína og þroskast á eigin forsendum,
- virðir jafnan rétt einstaklinga,
- fær tækifæri til að vera í styrkleikum sínum,
- æfist í að rýna í margs konar texta án fordóma,
- sýnir umburðarlyndi í samskiptum og samvinnu.
- vinnur verkefni á skapandi hátt,
- nýtir ímyndunaraflid til að leika sér með ýmsa möguleika tungumálsins,
- tjáir skoðanir sínar og tilfinningar á fjölbreyttan hátt,
- vinnur í samþættum verkefnum sem höfða til styrkleika barnsins,
- fær að vera í sköpunarkraftinum sínum.
- fær fjölbreytt námsefni, sem höfðar til allra greindarsviða barnsins,
- æfir sig í að færa rök fyrir máli sínu og kynna fyrir barnahópnum, kennurum og starfsfólki,
- beitir gagnrýninni hugsun og æfir sig í meðlíðan og að setja sig í spor annarra,
- tileinkar sér fallega hegðun og framkomu í samskiptum.
- nýtir þekkingu sína á tungumálinu til að tjá sig,
- æfir sig í gagnrýninni hugsun á íslenskri tungu,
- tekur virkan og lýðræðislegan þátt í samræðum,
- velur sér viðfangsefni út frá áhugasviði og styrkleika,
- tekur þátt í kosningum,
- æfir sig í að koma hugsunum sínum skýrt frá sér.

Kynjanámskrá

Meginregla 1 - Börn og foreldrar

Börnin eru jafn ólík og þau eru mörg og er þörfum þeirra mætt í skóladeginum með valfrelsi og ólíka nálgun. Reynt er eftir mætti að höfða til áhugasviðs og styrkleika barnsins með vali á lesefni og útfærslu verkefna, sem eru fjölbreytileg þannig að hlúið sé að barninu á forsendum þess. Tryggja á vellíðan og ánægju barnsins með því að styðja við jákvæða tilfinningalega skynjun þess og fara allar skynleiðir í námi.

Forðast ber að gera sömu kröfur til allra barna.

Meginregla 2 - Starfsólk

Hugur, hjarta og hönd eru jafn mikilvæg í proskaferli barns. Því þarf að hlúa að jafnvægi milli hreyfingar, hugsunar og tilfinningalífs barnsins í skóladeginum. Nálgæð og traust gefur barninu kjark til að opna hug sinn og hjarta í skólastarfinu. Hreyfing veitir því gleði og jákvæðni. Barnið er heilbrigt og móttækilegt fyrir námi, en jákvæðni og gleði vekur og viðheldur áhuga og árangri hvers barns.

Meginregla 3 - Umhverfi

Námsumhverfi barnsins verður að styðja við barnið í proska og námi.

Barnið þarf að upplifa að það sé jafn rétt hátt og önnur börn og að rödd þess heyrir til jafns við raddir annarra barna.

Aðgengi barns að æfingu þarf að vera skýrt, beinskeytt, umbúðalaust og einfalt.

Kennarinn hefur einlæga löngun til að mæta hverju barni og einblína á styrkleika þess.

Meginregla 4 - Efniviður

Með opnum efniviði er þægilegt að fara ólíkar skynleiðir í námi. Hann ýtir líka undir lausnamiðun hjá barninu og þjálfar það í bjarga sér sjálft. Það styður barnið til sjálfstæðis. Raunveruleikatengd verkefni og hlutverkaleikir efla orðaforða og tjáningu barnsins.

Gagnvirkt efni á netinu getur verið góð leið og opnar nýja möguleika.

Mistök mega og eiga að vera hluti af námi, því mistök eru eðlilegur þáttur í skapandi ferli og hugsun.

Meginregla 5 - Náttúra

Nýtni, nægjustemi og hófsemi er höfð að leiðarljósi í umgengni við náttúruna, sem og efnivið og áhöld. Útikennsla ýtir undir fjölbreyttar námsleiðir og er tilvalin til að skapa jákvætt og ábyrgt viðhorf gagnvart náttúrunni. Einnig styrkir hún félagslega innviði hópsins með vináttu æfingum og nálgæð, sem og einstaklingseiginleika eins og kjark, kraft, virkni og frumkvæði.

Meginregla 6 - Samfélag

Barn fær reglulega tækifæri til að taka þátt í að móta áætlun fyrir starf í hópatímum, það er hvatt til að tjá sig um líðan sína í skólanum og um skólastarfið.

Er hvatt til að færa rök fyrir máli sínu og standa með sjálfu sér. Æfir sig í umburðarlyndi, hjálpssemi og víðsýni.